



K64 Hringrásariðngarður

Kadeco, Reykjanesbær, Reykjaneshöfn og Suðurnesjabær hafa unnið saman að mótun framtíðarsýnar fyrir Helguvík og Bergvík sem snýr að því að þar skapist tækifæri til að byggja upp grænan hringrásargarð; vistvænt athafna- og iðnaðarsvæði með áherslu á hringrásarhugsun og samvinnu. Helguvíkur-Bergvíkursvæðið er vel staðsett svæði fyrir iðnað og atvinnustarfsemi af ýmsum toga, nærri Helguvíkurhöfn, á milli Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar og nálægt Keflavíkurflugvelli. Góðir vegir liggja um svæðið og stutt er í Þjóðveg 41 (Reykjanesbraut) sem liggur milli Keflavíkurflugvallarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins. Á svæðinu er nú þegar nokkur iðnaðarstarfsemi og er þar helsta innflutningsmiðstöð flugvélaeldsneytis til Keflavíkurflugvallar.